

Nd.

642. Frumvarp til laga

[269. mál]

um váttryggingarstarfsemi.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

I. KAFLI

Gildissvið o. fl.

1. gr.

Lög þessi gilda um hvers konar váttryggingarstarfsemi, sem rekin er á viðskipta-
grundvelli, nema annað sé sérstaklega tekið fram í lögum þessum.

2. gr.

Lögin gilda ekki um eftirlaunasjóði, lífeyrissjóði og sjúkrasjóði einstakra at-
vinnustétta, starfshópa eða fyrirtækja.

Þá gilda lögin ekki um Tryggingastofnun ríkisins, Atvinnuleysistryggingasjóð
og hliðstæðar stofnanir, sem reknar eru samkvæmt sérstökum lögum, nema að því
leyti, er þær kunna að hafa með höndum váttryggingarstarfsemi, sem rekin er á við-
skiptalegum grundvelli.

Lögin gilda um þau váttryggingarfélag, sem stofnuð eru og rekin samkvæmt sérlögum, nema að því leyti, sem á annan hátt er fyrir mælt í sérlögum.

Rísi deilur um, hvort starfsemi falli undir ákvæði laga þessara, skal tryggingamálaráðherra skera úr.

3. gr.

Eftirtaldir aðiljar mega einir reka váttryggingarstarfsemi hér á landi:

1. Innlend félag og stofnanir, sem starfa samkvæmt sérlögum.
2. Innlend hlutafélag og gagnkvæm váttryggingarfélag, sem leyfi hafa fengið til slíkrar starfsemi, sbr. 33. gr.
3. Erlend félag, sem fengið hafa leyfi til slíkrar starfsemi, sbr. 14. gr.

4. gr.

Váttryggingarfélag má ekki hafa á hendi aðra starfsemi en váttryggingar, váttryggingarumboð og tjónauppgjör. Váttryggingarfélagi er þó heimilt að reka fasteignir, sem það á.

Líftryggingar (frumtryggingar) má ekki reka með öðrum tegundum váttryggingarstarfsemi. Þó má tryggingamálaráðherra heimila líftryggingarfélagi að hafa með höndum sjúkra- og slysatryggingar.

Váttryggingarfélag má ekki taka á sig ábyrgðir né skuldbindingar, sem ekki eru váttryggingar, nema í sambandi við eðlilegan rekstur félags.

5. gr.

Váttryggingarfélag má ekki hefja starfsemi fyrr en það hefur fengið leyfi til hennar, sbr. 14. og 33. gr., og verið skráð í váttryggingarfélagaskrá og í hlutafélagaskrá eða aðra opinbera félagaskrá.

II. KAFLI

Váttryggingarfélag.

Hlutafélag.

6. gr.

Stofnendur hlutafélags, sem ætlað er að reka váttryggingarstarfsemi, skulu hið fæsta vera fimm, íslenzkir ríkisborgarar búsettir á Íslandi, ríkissjóður, bæjar- eða sveitarfélög, stofnanir, sem þessir aðiljar bera ótakmarkaða ábyrgð á, hlutafélag, samvinnufélag eða samvinnufélagasambönd, skráð á Íslandi.

Innborgað hlutafé skal nema minnst kr. 20 000 000.00.

Stjórn slíks hlutafélags skulu skipa þrír menn hið fæsta. Tryggingamálaráðherra er heimilt að skipa einn mann sem fulltrúa váttryggingartaka í stjórn hvers félags.

Að minnsta kosti einn endurskoðandi, löggiltur, skal kjörinn eða ráðinn til að endurskoða reikninga félagsins. Ekki má hann vera í stjórn þess né fastur starfsmaður þess að öðru leyti.

7. gr.

Hlutafélag, sem hefur váttryggingar að starfsemi, má aldrei eiga meira en 10% af eigin hlutafé. Atkvæðisréttur fylgir ekki hlutabréfum, sem váttryggingarhlutafélag á sjálft.

8. gr.

Váttryggingarhlutafélag má aldrei greiða arð til hluthafa, nema hagnaður hafi orðið á rekstri félagsins, sem meiru fé nemi en arðgreiðslum, eða nægilegt fé sé fyrir hendi í arðjöfnunarsjóði, enda hafi þess verið gætt að leggja til hliðar hæfilegt fé fyrir áföllnum ógreiddum tjónum, í áhættusjóð, í iðgjaldavarasjóð, svo og eignir fyrndar á venjulegan hátt.

9. gr.

Um váttryggingarhlutafélag gilda að öðru leyti ákvæði laga um hlutafélag, nema annað leiði af ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Gagnkvæm váttryggingarfélög.

10. gr.

Stofnendur gagnkvæms váttryggingarfélags skulu hið fæsta vera fimm, íslenzkir ríkisborgarar með búsetu á Íslandi, ríkissjóður, bæjar- og sveitarfélög, stofnanir, sem þessir aðiljar bera ótakmarkaða ábyrgð á, hlutafélög, samvinnufélög og samvinnufélagasambönd, sem skráð eru á Íslandi.

Stofnendur gagnkvæms váttryggingarfélags skulu leggja fram stofnfé, sem nema skal hið minnsta kr. 10 000 000.00. Fé þetta má ekki endurgreiða nema að fengnu leyfi tryggingamálaráðherra.

Heimilt er tryggingamálaráðherra, að fengnum meðmælum tryggingaeftirlits, að leyfa, að stofnfé sé minna en um ræðir í 2. mgr.

Stjórn gagnkvæms váttryggingarfélags skulu skipa þrjú menn hið fæsta. Ráðherra er heimilt að skipa einn mann sem fulltrúa váttryggingataka í stjórn hvers félags. Í samþykktum slíks félags skal skýrt fram tekið, hvernig háttað skuli aðild váttryggingartaka að stjórn þess og hvernig kjöri stjórnar skuli hagað.

Að minnsta kosti einn endurskoðandi, löggiltur, skal ráðinn eða kjörinn til að endurskoða reikninga félagsins. Ekki má hann vera í stjórn þess né fastur starfsmaður þess að öðru leyti.

11. gr.

Hver sá, sem tryggir hjá gagnkvæmu váttryggingarfélagi, er sameigandi þess. Um ábyrgð váttryggingartaka á skuldbindingum félagsins skulu settar reglur í samþykktum þess. Ábyrgð hvers váttryggingartaka má eigi nema lægri fjárhæð en hálfu iðgjaldinu af viðkomandi skirteini eða kr. 500.00, hvort sem hærra er. Þó er heimilt að undanþiggja endurtryggingartaka slíkri ábyrgð, enda nemi endurtryggingariðgjöld, sem undanþegin eru, eigi meiru en 20% af heildariðgjaldatekjum félagsins.

Ábyrgð váttryggingartaka skal miða við almanaksár og fellur niður miðað við hver áramót, ef eigi er krafa gerð á hendur váttryggingartaka innan tveggja ára frá lokum þess almanaksárs, er váttrygging féll úr gildi.

Einungis þrotabú, skilanefnd eða skilastjórn gagnkvæms váttryggingarfélags geta krafist váttryggingartaka um greiðslu samkvæmt ábyrgðarskuldbindingum þeirra, en ekki einstakir kröfuhafar félagsins. Þó er tryggingamálaráðherra heimilt að leyfa stjórn gagnkvæms váttryggingarfélags að krefja váttryggingartaka um slíka greiðslu, enda sé slíks þörf, til þess að félagið geti staðið við skuldbindingar sínar. Slíkt leyfi má þó einungis veita til eins árs í einu.

Ákvæði laga um einstök váttryggingarfélög varðandi ábyrgð félagsmanna og váttryggingartaka halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði þessara laga.

Á hverju váttryggingarskirteini, sem gagnkvæmt váttryggingarfélag gefur út, skal koma skýrt fram, hvernig ábyrgð váttryggingartaka er háttað. Ákvæði þetta gildir einnig um þau váttryggingarfélög, sem starfa samkvæmt sérlögum.

12. gr.

Heimilt er að greiða stofnendum arð af stofnfé gagnkvæms váttryggingarfélags. Arður þessi má þó eigi vera hærri á ári en 10% af innborguðu stofnfé. Aldrei má greiða slíkan arð, nema hagnaður hafi orðið á rekstri félagsins meiri en arðgreiðslu nemur, enda hafi þess verið gætt að leggja til hliðar hæfilegt fé fyrir áföllnum ógreiddum tjónum, í áhættusjóð, í iðgjaldavarasjóð, svo og eignir fyrndar á venjulegan hátt.

13. gr.

Í samþykktum gagnkvæms váttryggingarfélags skal skýrt fram tekið, hvernig félagsslitum skuli háttað, sérstaklega hversu fara skuli um hreina eign félagsins við félagsslit.

Erlend váttryggingarfélög.

14. gr.

Erlend váttryggingarfélög geta fengið leyfi tryggingamálaráðherra til starfsemi hér á landi.

Slíkt leyfi má því aðeins veita, að félagið hafi heimild til að reka váttryggingarstarfsemi í heimalandi sínu og hafi starfað þar á því tryggingasviði í a. m. k. 5 ár.

15. gr.

Erlent váttryggingarfélag, sem hér hyggst starfa, skal sanna, að eignir þess hér á landi nemi eigi minna fé en kr. 10 000 000.00. Félagið skal árlega sanna, að eignir þess hér á landi nemi framangreindri upphæð.

16. gr.

Erlent váttryggingarfélag, sem hér rekur váttryggingarstarfsemi, skal skráð hér á landi, hafa hér fasta atvinnustöð og aðalumboðsaðilja, sem hefur heimild til að skuldbinda félagið vegna starfsemi þess hér á landi. Aðalumboðsmaður skal vera einn hér á landi. Íslenzku váttryggingarfélagi er heimilt að hafa á hendi aðalumboð fyrir erlent váttryggingarfélag.

Félagið skal hafa varnarþing hér á landi, að því er varðar starfsemi þess hér, og má lögsækja það fyrir dómstólum á Íslandi til fullnustu á kröfum, sem stofnast hafa vegna starfsemi þess hér.

Í reglugerð skal ráðherra ákveða, hvaða skýrslum og gögnum slíkt félag skuli árlega skila tryggingaæftirlitinu um starfsemi sína hérlendis.

Almenn ákvæði.

17. gr.

Ársreikningar váttryggingarfélags skulu gerðir í því formi, sem tryggingamálaráðherra ákveður.

Ársreikningar skulu endurskoðaðir af að minnsta kosti einum löggiltum endurskoðanda. Vottorð löggilts endurskoðanda eða skýrsla skal fylgja reikningunum og skýrsla um starfsemi og rekstur félagsins á árinu.

Ráðherra skal skipa sérstakan endurskoðanda, löggiltan, sem á vegum tryggingaæftirlitsins endurskoðar reikninga félaganna.

Ársreikninga skal birta í Lögbirtingablaði.

Í reglugerð skal tryggingamálaráðherra setja nánari ákvæði um endurskoðun hjá váttryggingarfélögum.

18. gr.

Erlend váttryggingarfélög, sem hér starfa, skulu gera reikninga og skýrslur um starfsemi sína hér á landi eftir þeim reglum, sem greinir í 17. gr.

19. gr.

Váttryggingarfélag skal leggja hluta af hagnaði sínum ár hvert í áhættusjóð. Framlag í áhættusjóð ár hvert skal að lágmarki nema 10%, en að hámarki 25% af hreinum hagnaði ársins. Verði áhættusjóður hærri en nemur 25% af iðgjaldstekjum einhvers árs, mega framlög lækka eða falla niður það ár.

Áhættusjóði má einungis verja til að mæta tapi vegna óvenjulegra tjónagreiðslna eitthvert ár. Áhættusjóð má þó einungis skerða að fengnu leyti tryggingamálaráðherra.

20. gr.

Óski váttryggingarfélag eftir að flytja tryggingarstofn sinn að nokkru eða öllu leyti til annars félags, skulu bæði félögin senda tryggingamálaráðherra umsókn um færsluna ásamt þeim gögnum, sem ráðherra óskar.

Tryggingaæftirlitið skal kanna umsóknina með hliðsjón af hag beggja félaganna og hvort ástæða sé til að ætla, að færslan geti á nokkurn hátt skaðað váttryggingartaka og váttryggða hjá félögunum.

Tryggingaæftirlitið skal auglýsa í Lögbirtingablaðinu eftir athugasemdum váttryggingartaka og váttryggðra vegna yfirfærslubeiðninnar.

Mæli tryggingaæftirlitið með umsókninni, veitir ráðherra leyfi til færslunnar.

21. gr.

Óski tvö eða fleiri váttryggingarfélög eftir því að sameinast og mynda eitt váttryggingarfélag, sem taki við öllum skuldbindingum félaganna gagnvart váttryggingartökum þeirra, skulu þau senda um það umsókn til tryggingamálaráðherra ásamt þeim gögnum, sem ráðherra óskar.

Tryggingaæftirlitið skal kanna umsóknina og gæta þess, hvort hið nýja félag fullnægir skilyrðum laga þessara og hvort samruninn geti á nokkurn hátt skaðað hagsmuni váttryggingartaka og váttryggðra. Mæli tryggingaæftirlitið með umsókninni, veitir tryggingamálaráðherra hinu nýja félagi starfsleyfi og heimild til yfirfærslu tryggingastofnanna, enda sé gætt reglna 2. og 3. mgr. 20. gr.

22. gr.

Enginn má í atvinnuskyni stuðla að því, að aðiljar hér á landi, íslensk skip eða eignir á Íslandi séu váttryggð annars staðar en hjá íslenskum váttryggingarfélögum eða erlendum váttryggingarfélögum, sem hér hafa leyfi til að reka váttryggingarstarfsemi.

Um líftryggingarfélög.

23. gr.

Váttryggingarfélag, sem hyggst reka líftryggingarstarfsemi, skal auk gagna þeirra, sem um ræðir í 33. gr., senda tryggingamálaráðuneytinu þessi gögn:

1. Almenna tryggingaskilmála, er félagið hyggst nota.
2. Skýrslur um reiknigrundvöll iðgjalda og iðgjaldasjóðs, svo og reglur um ákvörðun endurkaupsverðs og verð gjaldfrjálsra trygginga.
3. Skýrslu um reikningsgrundvöll ágóðaúthlutunar (bónus) til tryggingartaka.
4. Gögn um endurtryggingu og hámark eigin áhættu í hverri einstakri áhættu.
5. Tilkynningar um, hver sé tryggingastærðfræðingur (aktúar) félagsins, sbr. 24. gr.

24. gr.

Líftryggingarfélag skal tryggja sér þjónustu tryggingastærðfræðings (aktúars), sem hefur á hendi nauðsynlega tryggingatæknilega reikninga og athuganir fyrir félagið.

Sá einn má taka að sér slíkt starf fyrir líftryggingarfélag, sem fengið hefur til þess sérstakt starfsleyfi tryggingamálaráðherra.

25. gr.

Tryggingastærðfræðingur líftryggingarfélags ber ábyrgð á því, að félag það, er hann veitir þjónustu sína, fari eftir tilkynntum reiknigrundvelli iðgjalda, iðgjaldasjóðs og ágóðaúthlutunar, og fylgi tilkynntum reglum um ákvörðun endurkaupsverðs og fjárhæða gjaldfrjálsra trygginga. Hann skal fylgjast með starfsemi félagsins að þessu leyti og getur krafizt allra gagna og upplýsinga af félaginu til að geta innt starf sitt af hendi.

Komist tryggingastærðfræðingur að því í starfi sínu, að félagið fari ekki eftir settum reglum varðandi framangreind atriði, skal hann tilkynna það tryggingaæftirliti án óeðlilegrar tafar.

26. gr.

Eigi er líftryggingarfélagi heimilt að breyta reiknigrundvelli iðgjaldasjóðs nema með leyfi tryggingamálaráðherra að fengnum meðmælum tryggingaæftirlitsins.

Hafi breyting í för með sér lækkun iðgjaldasjóðs, skal leggja þann hluta sjóðsins, sem fram yfir er, í ágóðasjóð.

Hafi breyting í för með sér hækkun iðgjaldasjóðs fyrir eldri líftryggingar, skal félagið færa af óbundnum höfuðstól í iðgjaldasjóð það fé, er hækkuninni nemur. Tryggingamálaráðherra getur þó, að fengnum meðmælum tryggingaæftirlits, veitt félaginu leyfi til að fresta fjárfærslu í sjóðinn, þannig að um ákveðið árabíl verði

færð í sjóðinn tiltekin fjárhæð á ári hverju, unz jöfnuði er náð. Skal þetta gert samkvæmt fyrirframgerðri áætlun, og ekki má frestur þessi vera lengri en 10 ár.

27. gr.

Í ársreikningum líftryggingarfélags skal færa sérstaklega líftryggingasjóð. Líftryggingasjóður skiptist í tvennt:

1. Bótasjóð, en þar skal færa allar gjaldfallnar en ógreiddar tryggingafjárhæðir og ágóðafjárhæðir.
2. Iðgjaldasjóð, en hann nær til heildarverðmætis allra gildandi trygginga reiknað samkvæmt samþykktum reiknigrundvelli, sbr. 2. tl. 23. gr.

28. gr.

Líftryggingasjóður, sbr. 27. gr., skal ávaxtaður þannig:

1. Í bönkum og sparisjóðum, sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
2. Í ríkisskuldabréfum.
3. Í skuldabréfum, tryggðum með ábyrgð ríkissjóðs.
4. Í bankavaxtabréfum og veðeildarbréfum útgefnum af þeim bönkum, sem eru eign ríkissjóðs.
5. Í lánum, tryggðum með veði í líftryggingum hjá félaginu allt að endurkaupsverðmæti þeirra.
6. Í veðskuldabréfum, tryggðum með veði í fasteignum allt að 60% af fasteignamatsverði húseigna og mannvirkja, eignarlanda og lóða, svo og eign leigutaka í leigulóð, enda sé leigutími lóðar eigi skemmri en lánstími.
7. Í fasteignum, sem líftryggingarfélagið á. Aldrei má þó eign að þessu leyti teljast líftryggingasjóði frekar en um ræðir í 6. tl.

Líftryggingarfélagi er þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. heimilt að ávaxta fé líftryggingasjóðs á annan hátt, að fengnu samþykki tryggingamálaráðherra hverju sinni, þó ekki í hlutabréfum.

Eigi má selja né veðsetja eignir líftryggingasjóðs nema með leyfi tryggingamálaráðherra.

Erlend líftryggingarfélög, sem fengið hafa leyfi til starfsemi hér á landi, skulu ávaxta líftryggingasjóð á Íslandi í samræmi við reglur þessarar greinar.

29. gr.

Verðbréf líftryggingasjóðs skulu árituð um, að þau séu eign líftryggingasjóðs félagsins og þau megi ekki veðsetja né selja, nema að fengnu samþykki tryggingamálaráðherra.

Óheimilt er að gera aðför í verðbréfum, sem eru eign líftryggingasjóðs, nema til tryggingar eða fullnustu líftryggingakröfum.

Ávaxti líftryggingarfélag fé í eigin fasteign, sbr. 7. tl. 1. mgr. 28. gr., skal þinglýsa á eignina yfirlýsingu um rétt líftryggingasjóðs og að eigi megi veðsetja hana, svo að réttur líftryggingasjóðs skerðist, og eigi selja hana nema með leyfi tryggingamálaráðherra.

30. gr.

Ef skipuð er skilastjórn í líftryggingarfélagi samkvæmt 43. gr., skal hún þegar í stað taka í sínar vörzlur eignir líftryggingasjóðs.

Verði ákveðið að beiðast gjaldþrotaskipta á þúi líftryggingarfélagsins, skal ekki telja eignir líftryggingasjóðs með eignum þrotabúsins og heldur eigi skuldbindingar hans með skuldum þess.

Skilastjórn skal hafa á hendi rekstur líftryggingastofnsins og láta endurreikna skuldbindingar líftryggingasjóðs.

31. gr.

Innan sex mánaða frá því, að skilastjórn hefur tekið við rekstri líftryggingasjóðs samkvæmt 30. gr., skal tryggingaæftirlitið leita til annarra íslenskra líftryggingar-

félaga um yfirtöku líftryggingastofns og líftryggingasjóðs. Tryggingaeftirlitið skal meta framkomin tilboð og velja það, er hún telur hagkvæmast fyrir váttryggða. Síðan skal skilastjórn auglýsa í Lögbirtingablaðinu eftir athugasemdum frá váttryggingartökum og váttryggðum.

Að fengnum athugasemdum getur tryggingamálaráðherra framselt líftryggingarfélagi því, er tryggingaeftirlitið valdi, líftryggingastofninn og eignir líftryggingasjóðs, enda tekur þá viðtakandi við öllum skuldbindingum hins gjaldþrota félags, að því er líftryggingar varðar.

Þeir váttryggingartakar eða váttryggðir, sem athugasemdir hafa gert og eigi vilja samþykkja yfirfærsluna, eiga þó rétt á því að fá endurgreitt verðmæti líftrygginga sinna, að svo miklu leyti sem hlutfallsleg eign í líftryggingasjóðnum hrekkur til.

Berist ekki tilboð í líftryggingastofn eða ekki koma fram þau tilboð, er tryggingaeftirlitið vill mæla með, skal líftryggingasjóðurinn greiddur váttryggðum í réttu hlutfalli við verðmæti líftrygginga þeirra í sjóðnum.

III. KAFLI

Um skráningu og tilkynningarskyldu váttryggingarfélaga.

32. gr.

Tryggingamálaráðherra skal halda skrá um öll þau félög og stofnanir, sem heimild hafa til að selja váttryggingar hér á landi.

33. gr.

Hvert það félag eða stofnun, sem hyggst reka váttryggingarstarfsemi, skal senda tryggingaeftirlitinu gögn í því formi, sem eftirlitið ákveður, um væntanlega starfsemi, samþykktir sínar, stofnfundargerð og svo tilkynningu um, hverjir séu í stjórn félagsins og hverjir hafi heimild til að skuldbinda það, og vottorð löggilts endurskoðanda um innborgað hlutafé eða stofnfé. Tryggingaeftirlitið kannar síðan, hvort félagið fullnægi skilyrðum laga þessara, reglugerða settra samkvæmt þeim, og sé að öðru leyti hæft til að reka váttryggingarstarfsemi.

Ráðherra veitir félagi starfsleyfi og að því fengnu má skrá félagið í hlutafélagaskrá eða aðra opinbera félagaskrá.

Telji tryggingaeftirlitið ekki, að þörf sé fyrir þá starfsemi, sem félagið hyggst reka, né að starfsemi þess sé til eflingar heilbrigðri þróun váttryggingarstarfsemi í landinu eða til hagsbóta fyrir váttryggingartaka og váttryggða, getur tryggingamálaráðherra neitað að skrá félagið í váttryggingarfélagaskrá og veita því starfsleyfi.

Aldrei má félag hefja starfsemi fyrr en það hefur verið skráð í bæði váttryggingarfélagaskrá og hlutafélagaskrá eða aðra opinbera félagaskrá.

Hvert það félag eða stofnun, sem leyfi hefur til að reka váttryggingarstarfsemi og hyggst taka upp nýja grein váttrygginga eða hyggst breyta starfsemi sinni í verulegum atriðum, skal sækja um leyfi fyrir hinni nýju starfsemi og senda tryggingaeftirlitinu þau gögn, sem nauðsynleg eru, til þess að tryggingaeftirlitið geti metið umsóknina.

34. gr.

Allar breytingar á samþykktum, hlutafé, stofnfé, stjórn, endurskoðendum og þeim, er skuldbinda mega váttryggingarfélag, skal strax tilkynna til váttryggingarfélagaskrár, og má eigi skrá þær í hlutafélagaskrá eða aðra opinbera félagaskrá fyrr en slíkt hefur verið gert.

35. gr.

Missi félag rétt til að reka váttryggingarstarfsemi hér á landi, verði gjaldþrota eða því slitið, skal þegar í stað má nafn þess úr váttryggingarfélagaskrá.

36. gr.

Birta skal árlega í Lögbirtingablaðinu skrá um félög þau, sem heimild hafa til að reka váttryggingarstarfsemi.

IV. KAFLI

Eftirlit með váttryggingarfélögum.

37. gr.

Setja skal á stofn tryggingaæftirlit, sem hefur eftirlit með starfsemi váttryggingarfélaga og rekstri þeirra samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um verksvið og skyldur tryggingaæftirlitsins.

38. gr.

Trygginganálaráðherra skipar tryggingaæftirlitið til fjögurra ára í senn. Tryggingaæftirlitið skal skipað þrem mönnum og sé einn embættisgengur lögfræðingur og annar tryggingastærðfræðingur. Einn skal skipaður formaður.

Meðlimir eða starfsmenn tryggingaæftirlitsins mega ekki vera stjórnarmenn, starfsmenn, endurskoðendur eða tryggingastærðfræðingar váttryggingarfélags.

39. gr.

Váttryggingarfélög, stofnanir þær, sem um ræðir í 2. mgr. 2. gr., að því er varðar þann hluta starfsemi þeirra, sem rekinn er á viðskiptalegum grundvelli, svo og váttryggingarfélög þau, er um ræðir í 3. mgr. 2. gr., skulu senda tryggingaæftirliti ársreikninga sína innan mánaðar frá því, að þeir voru samþykktir á félagsfundi, þó eigi síðar en 6 mánuðum eftir lok reikningsárs. Reikningar skulu undirritaðir af stjórn félags, og þeim skal fylgja skýrsla endurskoðenda og endurrit úr fundargerðarbók félags um samþykktir þeirra, svo og skýrsla um starf og rekstur, sbr. 17. gr.

Ársreikningunum skal fylgja nákvæm skýrsla um fasteignir félagsins, bifreiðar, skip og verðbréfaeign. Enn fremur skrá um inneignir hjá viðskiptamönnum eða umboðsmönnum og skal nafngreina þá aðilja, er skulda yfir kr. 100 000.00. Þá skal fylgja skrá um skuldheimtumenn, aðra en þá, sem eiga váttryggingarkröfur á félagið, og skulu skuldheimtumenn, sem eiga inni yfir kr. 100 000.00, nafngreindir. Að lokum skal fylgja skýrsla um, á hvern hátt áfallnar en ógreiddar váttryggingarkröfur séu áætlaðar og hvernig iðgjaldsyfirlærslur til næsta árs eru ákveðnar.

Ársreikningum líftryggingarfélags skal einnig fylgja skýrsla tryggingastærðfræðings um uppgjör líftryggingasjóðs og skýrsla endurskoðenda um ávöxtun líftryggingasjóðs.

40. gr.

Aðiljar þeir, sem um ræðir í 3. gr. og reka váttryggingarstarfsemi við gildistöku laga þessara, skulu þegar í stað senda tryggingaæftirlitinu endurrit allra þeirra tryggingaskilmála, er þeir nota. Sama gildir um þau félög, sem fá leyfi til váttryggingarstarfsemi eftir gildistöku laga þessara.

Breyti þessir aðiljar eða aðrir þeir, er fengið hafa leyfi til að reka váttryggingarstarfsemi, váttryggingarskilmálum sínum, eða láti semja nýja skilmála, skulu þeir senda tryggingaæftirlitinu endurrit breytinganna eða hina nýju skilmála.

Tryggingaæftirlitið skal kanna almenna skilmála váttryggingarfélaga og gæta þess, að þeir séu í samræmi við lög og góða viðskiptaháttu í váttryggingarviðskiptum. Reynist svo ekki vera, skal nema brott það, sem tryggingaæftirlitið telur sig ekki geta samþykkt.

Það, sem hér segir um tryggingaskilmála, gildir einnig um iðgjöld og iðgjalda-grundvöll eftir nánari fyrirætlum tryggingaæftirlitsins. Tryggingaæftirlitinu ber að athuga, hvort iðgjöld váttrygginga séu í samræmi við þá áhættu, sem váttryggingarfélagið tekur á sig, og í samræmi við eðlilegan kostnað við rekstur félagsins.

Váttryggingarfélag, sem starfar hér á landi, skal sjá um, að starfsemi solumanna félagsins sé í anda góðra viðskiptahátta í váttryggingum og að öflun váttrygginga fari fram með hag váttryggingartaka og váttryggðra fyrir augum. Félagið skal sérstaklega sjá um, að réttar uppiðsingar séu gefnar um þær váttryggingar, sem á boðstólum eru

hjá félaginu. Tryggingamálaráðherra hefur heimild til að fela tryggingaæftirlitinu könnun á þessum hætti starfseminnar og að setja sérstaka reglugerð um það efni.

41. gr.

Tryggingaæftirlitið skal kanna gjaldhæfi og greiðsluhæfi váttryggingarfélags. Við mat á þessu skal litið til áhættu þeirrar, sem váttryggingarstarfsemi hefur í för með sér. Í reglugerð skal nánar kveðið á um, með hvaða hætti slík könnun fari fram.

42. gr.

Tryggingaæftirlitið getur krafist þá, er váttryggingarstarfsemi reka, um hvers konar gögn og upplýsingar, sem því þykir þurfa. Þá getur það rannsakað eða látið rannsaka alla starfsemi þessara aðilja og á rétt á að fá óhindraðan og tafarlausan aðgang að bókhaldi og skjölum þeirra.

43. gr.

Sinni váttryggingarfélag ekki tilmælum tryggingaæftirlits um breytingu á skilmálum, sbr. 40. gr., sé ekki gjaldhæft eða greiðsluhæft að mati tryggingaæftirlitsins, sbr. 41. gr., eða brjóti lög eða reglugerðir um váttryggingarstarfsemi, skal tryggingaæftirlit þegar í stað tilkynna tryggingamálaráðherra um málið og gera tillögur um, hvað gera skuli. Ráðherra skal þegar setja félaginu frest til að bæta úr því, sem úrskæiðis hefur farið, og má sá frestur aldrei vera lengri en sex mánuðir.

Hafi félagið ekki gert nauðsynlegar úrbætur innan tilskilins frests, getur ráðherra afturkallað starfsleyfi félagsins. Afturkalli ráðherra starfsleyfi, skal hann skipa þriggja manna skilastjórn í félagið. Skilastjórn tekur við öllum heimildum félagsstjórnar og jafnframt falla niður heimildir hennar.

Skilastjórn skal þegar kalla saman félagsfund og kynna félagsmönnum, hvernig komið er.

Skilastjórn skal taka ákvörðun um, hvort óska skuli gjaldþrotaskipta á félaginu eða hvort það skuli rekið áfram um skeið og viðskiptum lokið án gjaldþrotaskipta. Skal við mat á því, hvað gera skuli, aðallega litið til hagsmuna váttryggðra.

Ef um er að ræða váttryggingarfélag eða líftryggingarfélag, sem starfar samkvæmt sérlögum, skal ráðherra, áður en hann sviptir félagið starfsleyfi, skipa rannsóknarnefnd til að kanna hag og rekstur félagsins og gera tillögur um, hvað gera skuli.

44. gr.

Laun skilastjórnar og kostnaður hennar skal greiðast af eignum hlutaðeigandi váttryggingarfélags sem krafa utan skuldaraðar og af eignum líftryggingasjóðs, ef um það tilvik er að ræða, sbr. 30. gr.

45. gr.

Tryggingaæftirliti og starfsmönnum þess er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi aðiljum frá því, er þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um viðskipti og rekstur váttryggingarfélags. Þagnarskylda þessi og ábyrgð hennar helzt, þótt starfsmenn þessir hafi látið af störfum.

Tryggingaæftirlitið skal árlega láta birta opinberlega skýrslu um starfsemi sína og tölfræðilegt yfirlit yfir afkomu hinna ýmsu váttryggingagreina.

46. gr.

Fyrir 1. desember ár hvert skal tryggingaæftirlitið gera rökstudda áætlun um kostnað af starfsemi sinni næsta ár. Kostnaðinum skal jafna á váttryggingarfélag þau, sem um ræðir í lögum þessum, í hlutfalli við iðgjöld þeirra næstliðið reikningsár. Gera má váttryggingarfélagum að greiða allt að 2.5% af frumtryggingariðgjöldum og 0.6% af fengnum endurtryggingariðgjöldum. Gjald þetta skulu váttryggingarfélag greiða ársfjórðungslega fyrirfram. Tryggingamálaráðherra skal setja nánari reglur um álagningu gjalds þessa og innheimtu.

Nægi þessar tekjur eigi til greiðslu kostnaðar við starfsemi tryggingaeftirlitsins, skal greiða það, sem á skortir, úr ríkissjóði.

V. KAFLI

Um váttryggingarfélög, er starfa við gildistöku laga þessara.

47. gr.

Váttryggingarfélög þau, er eigi starfa samkvæmt sérlögum, og hyggjast halda áfram starfsemi sinni eftir gildistöku laga þessara, skulu innan tveggja mánaða frá gildistöku þeirra senda tryggingamálaráðherra umsókn um starfsleyfi og skráningu í váttryggingarfélagaskrá. Umsókn skulu fylgja samþykktir félagsins, vottorð úr hlutafélagaskrá eða annarri opinberri félagaskrá um það, hvert sé innborgað hlutfé eða stofnfé, hverjir skipi stjórn félagsins og hverjir hafi heimild til að skuldbinda það með undirskrift sinni. Þá skulu einnig fylgja síðustu 5 ársreikningar félagsins undirritaðir af stjórn þess með áritun og skýrslu löggilts endurskoðanda. Einnig skal senda gögn þau, er um ræðir í 23. gr., 33. gr. og 40. gr.

Hafi váttryggingarfélag eigi sent umsókn þá, er um ræðir í 1. mgr., innan þess tíma, er þar greinir, falla þann dag niður heimildir þess til að taka á sig váttryggingarskuldbindingar og selja váttryggingar. Um váttryggingar þær, er félagið hefur áður selt, fer samkvæmt ákvæðum 43. gr.

48. gr.

Váttryggingarfélög þau, er starfa samkvæmt sérlögum, skulu innan tveggja mánaða frá gildistöku laga þessara senda tryggingamálaráðherra umsókn um starfsleyfi og skráningu í váttryggingarfélagaskrá. Umsókn skulu fylgja gögn um, hverjir skipi stjórn félagsins og hverjir hafi heimild til að skuldbinda félagið með undirskrift sinni. Þá skulu einnig fylgja síðustu 5 ársreikningar félagsins undirritaðir af stjórn og áritaðir af endurskoðendum, ásamt gögnum skv. 33. og 40. gr.

49. gr.

Umsóknir þær og gögn, sem um ræðir í 47. og 48. gr., skal tryggingamálaráðherra þegar í stað senda tryggingaeftirliti til umsagnar. Tryggingaeftirlitið skal hafa kynnt sér umsóknir og skilað álitinu sínu um þær til tryggingamálaráðherra eigi síðar en átta mánuðum eftir gildistöku laga þessara.

50. gr.

Váttryggingarfélög þau, er tryggingaeftirlit mælir með, skulu fá starfsleyfi þegar í stað og vera tekin á váttryggingarfélagaskrá.

51. gr.

Telji tryggingaeftirlitið, að í samþykktum váttryggingarfélags séu ákvæði, er brjótí í bága við ákvæði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim, en mælir að öðru leyti með því, að félaginu sé veitt starfsleyfi, er tryggingamálaráðherra heimilt að veita félaginu starfsleyfi til bráðabirgða í allt að eitt ár til að koma málum þessum í lag.

52. gr.

Nú kemur í ljós, að hlutfé váttryggingarfélags eða stofnfé gagnkvæms váttryggingarfélags er lægra en gert er ráð fyrir í 6. og 10. gr., en tryggingaeftirlitið mælir samt með því, að félagið fái starfsleyfi, enda sýni fjárhagur félagsins og rekstur, að það sé gjaldhæft og greiðsluhæft, og er þá heimilt að veita félaginu starfsleyfi. Sé hessi leið eigi valin, er tryggingamálaráðherra rétt að veita félaginu bráðabirgðaleyfi og setja það skilyrði, að hlutfé eða stofnfé verði aukið að lögboðnu marki innan ákveðins tíma, sem má vera allt að þremur árum.

53. gr.

Telji tryggingaæftirlitið, að vátryggingarfélag, er ekki starfar samkvæmt sérlögum, sé ekki gjaldhæft, er tryggingamálaráðherra heimilt að veita því sex mánaða frest til að rétta hag sinn. Fái félagið ekki þennan frest eða hafi ekki getað bætt hag sinn á þessum tíma, skal þegar í stað skipa félaginu skilastjórn, sbr. 43. gr.

54. gr.

Sæki vátryggingarfélag, sem rekið hefur bæði skaðatryggingar og líftryggingar, um starfsleyfi, er heimilt að fengnum meðmælum tryggingaæftirlits að veita því tveggja ára frest til að breyta starfsemi sinni þannig, að samræmist ákvæðum laga þessara.

55. gr.

Sæki vátryggingarfélag, sem starfar samkvæmt sérlögum, eigi um starfsleyfi eða teljist eigi gjaldhæft að mati tryggingaæftirlits, skal tryggingamálaráðherra þegar í stað skipa rannsóknarnefnd til að kanna hag félagsins og gera tillögur um ráð til úrbóta.

56. gr.

Tryggingamálaráðherra skal setja reglugerð um þau efni, sem í lögum þessum greinir.

57. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða fésektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggja við eftir öðrum lögum.

58. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 62 22. nóvember 1913, um ábyrgðarfélög, lög nr. 20 9. október 1903, um viðauka við lög 8. nóvember 1895, um hagfræðiskýrslur, 2. og 3. laga nr. 17 23. maí 1964, um ávöxtun fjár tryggingafélaga og 77. gr. umferðarlaga, nr. 40 23. apríl 1968.

59. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér er lagt fyrir Alþingi, er samið af nefnd, sem tryggingamálaráðherra skipaði árið 1970.

Nefndin skilaði frumvarpi, greinargerð, athugasemdum við einstakar greinar og fskj. 1. sem hér er lagt fram. Breytingar þær, sem Kr. Guðm. Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur, lagði til að gerðar yrðu í bréfi sínu á fskj. 2, hafa verið felldar inn í meginmál frumvarpsins. Þá hefur Erlendur Lárusson, tryggingafræðingur, lagt til að gerðar yrðu nokkrar breytingar og hafa þær verið felldar inn í meginmál frumvarpsins og í greinargerðina. Frumvarpið þannig breytt var síðan tekið til samlesturs á fundi allra, sem að samningu þess hafa staðið og þar gengið frá því í núverandi mynd.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar nefndarinnar.

Greinargerð.

Hinn 25. marz 1970 skipaði Eggert G. Þorsteinsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, nefnd „til að semja frumvarp til laga um vátryggingafélög og starfsemi þeirra.“ Í nefndina voru skipaðir: Benedikt Sigurjónsson, hæstaréttardómari, formaður, Bjarni Þórðarson, tryggingastærðfræðingur og Jón Erlingur Þorláksson, tryggingastærðfræðingur. Nefndin tók strax til starfa og hefur starfað nokkuð samfellt.

Um váttryggingarstarfsemi er nú fjallað í lögum um ábyrgðarfélag nr. 62 22. nóvember 1913. Í lögum nr. 17 23. maí 1964 er rætt um ávöxtun fjár tryggingarféлага. Þá er rætt um váttryggingarfélag í umferðarlögum nr. 40/1968 og lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 68/1971. Þá má nefna lög nr. 20/1903 um hagfræðiskýrslur.

Váttryggingar skipta miklu máli í nútíma þjóðfélagi og varða flesta, ef ekki alla, þegna þjóðfélagsins. Um hendur váttryggingaraðilja rennur mjög mikið fjármagn. Það er þjóðfélagsnauðsyn, að váttryggingar séu reknar á heilbrigðum grundvelli og gætt sé hagsmuna váttryggingartaka og váttryggðra. Váttryggingartakar og váttryggðir hafa yfirleitt ekki aðstöðu til að meta fjárhagsaðstöðu þeirra váttryggingaraðilja, sem þeir skipta við og gera sér í raun grein fyrir þeim kjörum, sem þeir semja um. Af þessum ástæðum er nauðsynlegt, að ríkisvaldið taki að sér að hafa eftirlit með starfsemi váttryggingarféлага og fái rúmar heimildir til að taka í taumana, ef eitthvað fer úrskaiðis.

Lög nr. 62/1913 eru algjörlega úrelt og gegna ekki lengur hlutverki sínu. Þetta hefur íslenskum váttryggingaraðiljum verið ljóst og hafa því um nokkurt skeið lagt til, að sett væri hér á landi löggjöf um váttryggingarstarfsemi hliðstætt við það, sem er í nágrannalöndum okkar.

Nefndin hefur kannað hvaða félög og stofnanir reka váttryggingarstarfsemi hér á landi. Á fskj. nr. 1 er yfirlit yfir þá tryggingaraðilja, sem nefndinni er kunnugt um. Yfirlitið er vart tæmandi, en þeir aðiljar, sem þar vantar, munu að líkindum reka hverfandi starfsemi og ekki skipta máli.

Samkvæmt yfirlitinu eru 19 stofnanir, sem reka tryggingarstarfsemi samkvæmt sérstökum lögum þar af 9 hátaábyrgðarfélag. Þá reka 21 hlutafélag, 3 gagnkvæm félög og eitt félag á vegum bifreiðatryggingarfélaganna váttryggingarstarfsemi, en af hlutafélagunum er eitt þrotabú. Þá eru skráð í firmaskrá 8 erlend félög, en starfsemi þeirra er hverfandi og a. m. k. 4 munu hætt starfsemi, þótt þau hafi ekki verið afmáð úr firmaskrá enn.

Nefndin hefur aflað gagna um löggjöf nágrannalöndanna um váttryggingarstarfsemi og við samningu frumvarpsins hefur hún aðallega stuðzt við löggjöf Norðurlöndanna og þá einna helst við finnsku lögin um váttryggingarstarfsemi.

Löggjöf Norðurlöndanna um þetta efni stendur á gömlum merg og er almennt talin til fyrirmyndar. Af gildandi lögum á Norðurlöndum eru norsku lögin elzt eða frá 1911, en nokkrar breytingar hafa verið gerðar á þeim síðan, þótt meginstofn laganna sé óbreyttur. Sænsku lögin eru frá 1948 og mjög ítarleg. Finnsku lögin voru síðast endurskoðuð 1952 og eru mjög nýttzkuleg. Dönsku lögin eru frá 1959 og þá voru lög um líftryggingarstarfsemi og lög um skaðatryggingarstarfsemi sameinuð í einum lagabálki.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Hér er markað gildissvið laganna. Þau skulu taka til allrar váttryggingarstarfsemi, sem rekin er á viðskiptagrundvelli. Á það jafnt við frumtryggingar og endurtryggingar. Skilgreining þessi er í samræmi við reglur annarra Norðurlönda í þessum efnunum.

Um 2. gr.

Í grein þessari er gildissvið nánar skilgreint, sbr. 1. gr. Er sérstök ástæða til að benda á, að lögin taka ekki til eftirlaunasjóða, lífeyrissjóða og sjúkrasjóða. Þá eru af eðlilegum ástæðum Tryggingastofnun ríkisins og hliðstæðar stofnanir undanþegnar ákvæðum laganna, að því er varðar almennan rekstur slíkra stofnana. Reki slíkar stofnanir hins vegar váttryggingarstarfsemi á viðskiptagrundvelli, fellur rekstur þeirra undir ákvæði laganna, að því er þann þátt varðar. Sem dæmi má nefna starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 75. gr. laga nr. 67/1971.

Fjöldi váttryggingarféлага hér á landi er rekinn samkvæmt sérögum og njóta

sum einkaréttar til ákveðinna trygginga. Í raun er lítil munur á þessum váttryggingarfélögum og váttryggingarfélögum, sem rekin eru á einkaréttargrundvelli þar sem þau reka viðskipti sín á venjulegum viðskiptagrundvelli. Sem dæmi um slík váttryggingarfélög má nefna Brunabótafélag Íslands, sem rekið er samkvæmt lögum nr. 9/1955, Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, sem rekin er samkvæmt lögum nr. 47/1967, Íslenska endurtryggingu, sem rekin er samkvæmt lögum nr. 48/1947 og Húsa-tryggingar Reykjavíkur, sem reknar eru samkvæmt lögum nr. 25/1954.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Í grein þessari er beint bannað, að váttryggingarfélag hafi á höndum aðra starfsemi en váttryggingar, váttryggingarumboð og tjónauppgjör, svo og fasteignarekstur á þeim fasteignum, sem það á. Enn fremur mundi váttryggingarfélagi vera heimilt að ávaxta sjóði sína á venjulegan hátt svo sem með kaupum og sölu verðbréfa. Váttryggingarfélagi mundi hins vegar vera óheimilt að reka t. d. heildverzlun eða útgerð. Þá er einn þáttur váttryggingarstarfsemi tekinn út úr, en það eru líftryggingar. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir, að líftryggingar (frumtryggingar) séu reknar af sjálfstæðum félögum, sem hafi einungis þá starfsemi með höndum. Þó geti tryggingamálaráðherra leyft tryggingarfélagi að hafa með höndum sjúkra- og slysatryggingar, en þær tryggingagreinar eru á margan hátt skyldar líftryggingum. Er þetta í samræmi við erlend lög. Líftryggingar eru þannig upp byggðar, að oft er ætlað til, að váttryggingarsamningurinn gildi um langan tíma og váttryggingarfélagið leggi til hliðar verulegt fé um langan tíma til þess að geta staðið við skuldbindingar sínar. Skaðatryggingar gilda hins vegar yfirleitt um skamman tíma. Algengt er nú, að váttryggingarfélög, er hafa á hendi alhliða váttryggingarstarfsemi, reki einnig líftryggingarstarfsemi. Slíkt verður að teljast óheppilegt. Af eðli líftryggingarstarfseminnar leiðir, að fjárrekesturs hennar verður að gæta af meiri vandvirgni og athugun en annarra trygginga. Um endurtryggingar líftrygginga gildir nokkuð öðru máli. Virðist ekki ástæða til að binda endurtryggingar líftrygginga við sérstök líftryggingaendurtryggingafélög.

Þá eru í grein þessari sérstök ákvæði, sem banna váttryggingarfélögum að taka á sig ábyrgð eða skuldbindingar, sem ekki eru váttryggingar, nema slíkt leiði af eðlilegum rekstri félagsins. Samkvæmt þessu er váttryggingarfélögum t. d. bannað að ganga í ábyrgðir fyrir viðskiptaaðilja sína, sem nú mun nokkuð tíðkast, samþykkja fyrir þá vixla eða ábaka og annað slíkt.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Eins og rakið er í 3. gr. mega einungis félög reka váttryggingarstarfsemi, hlutfélög, gagnkvæm váttryggingarfélög og svo félög og stofnanir, sem starfa samkvæmt sérstökum lögum, sem er í samræmi við gildandi reglur.

Að því er varðar váttryggingarhlutafélög virðist nauðsynlegt að breyta nokkuð frá því, sem gert er ráð fyrir í gildandi lögum um hlutafélög, sem eru gömul og úrelt.

Í hlutafélagalögum er gert ráð fyrir, að stofnendur hlutafélags skuli vera menn. Hér er hins vegar lagt til, að þeir geti verið bæði menn og lögpersónur. Er ríkissjóði, bæjar- og sveitarfélögum og stofnunum, sem þessir aðilar bera ótakmarkaða ábyrgð á, svo og samvinnufélögum og samvinnufélagasamböndum, heimilað að gerast stofnendur váttryggingarhlutafélags. Innborgað hlutafé er ákveðið minnst 20 milljónir króna. Þá er lagt til, að lögboðið verði, að a. m. k. einn löggiltur endurskoðandi skuli ráðinn eða kjörinn til að endurskoða reikninga félagsins og skuli hann ekki vera of tengdur félaginu. Þ. e. ekki í stjórn þess né fastur starfsmaður að öðru leyti.

Um 7. gr.

Hér er lagt til, að váttryggingarhlutafélag megi aldrei eiga meira en 10% af eigin hlutafé. Er það í samræmi við gildandi hlutafélagalög, en hins vegar er hér ekki tekin upp heimild ráðuneytis til að hækka hlut hlutafélagsins um eign á eigin hlutafé. Þá er hér boðið, að atkvæðisréttur fylgi ekki þeim hlutabréfum, sem váttryggingarhlutafélagið á sjálf, en sá siður hefur tíðkast hér, að stjórnir hlutafélaga hafa veitt sjálfum sér umboð og atkvæðisrétt til að fara með atkvæði fyrir hlutafé í eign félagsins. Er slíkt mjög óheppilegt.

Um 8. gr.

Settar eru nokkrar reglur um hvenær arðgreiðslur megi fara fram til hluthafa og er það í samræmi við almennar reglur á þessu sviði og mið haft af gildandi lögum um tekju- og eignarskatt. Það athugast, að iðgjaldavarasjóður tekur hér bæði til iðgjaldasjóðs líftrygginga og yfirfærðra iðgjalda í öðrum tryggingum.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Í grein þessari eru settar reglur um stofnun gagnkvæms váttryggingarfélags, en það félagform hefur verið allvinsælt. Reglurnar eru um margt hliðstæðar reglunum um stofnun hlutafélaga. Gert er ráð fyrir, að stofnendur leggi fram stofnfé, sem nemi minnst 10 milljónum króna. Hafa verður það í huga, þegar þetta er borið saman við hlutafélög, að gert er ráð fyrir að ábyrgð félagsmanna verði nokkur. Miðað er við, að fé þetta standi inni hjá hinu gagnkvæma váttryggingarfélagi og megi ekki endurgreiða nema að fengnu leyfi tryggingamálaráðherra. Rétt getur verið að heimila að stofna gagnkvæmu váttryggingarfélag með minna stofnfé en 10 milljónum króna. Mundi það sérstaklega vera í þeim tilvikum, að hið gagnkvæma váttryggingarfélag væri svæðishundið og næði yfir frekar lítið svæði. Er því gert ráð fyrir að heimilt sé að leyfa, að stofnfé sé minna.

Um 11. gr.

Í grein þessari eru settar reglur um samband og ábyrgð aðila að gagnkvæmu váttryggingarfélagi. Gert er ráð fyrir, að þeir, sem váttryggja hjá gagnkvæmu váttryggingarfélagi, séu um leið félagar í váttryggingarfélaginu og taki ábyrgð á skuldbindingum þess. Miðað er við, að settar verði sérreglur í samþykktum hinna einstöku félaga um ábyrgð váttryggingartaka, sem gert er ráð fyrir að verði hundraðshluti af iðgjaldagreiðslum, en þó megi ábyrgð hvers váttryggingartaka eigi nema lægra fé en kr. 500.00. Gert er ráð fyrir, að endurtryggjendur séu undanþegnir slíkri ábyrgð, enda nemi endurtryggingariðgjöldin eigi meira en 20% af iðgjaldatekjum félagsins. Ábyrgð váttryggingartaka er miðuð við almanaksár og eru settar sérstakar reglur um það, hvenær ábyrgðin falli niður og gert er ráð fyrir, að hún falli niður um hver áramót, ef eigi er krafa gerð á hendur váttryggingartakanum innan tveggja ára frá lokum þess almanaksárs, sem váttryggingin fellur úr gildi. Þá er lagt til, að ábyrgð váttryggingartaka sé ekki þannig, að kröfuhafar á félagið geti ekki gengið að hinum einstöku váttryggingartökum, heldur sé það einungis þrotabú, skilanefnd eða skilastjórn félagsins, sem greiðslu geti krafizt. Þó er það frávik gert, að tryggingamálaráðherra er heimilað að leyfa stjórn slíks félags að krefja fé úr hendi váttryggingartaka, ef slíkt telst nauðsynlegt til þess að félagið geti staðið við skuldbindingar sínar, en slíkt leyfi má aðeins veita til eins árs í einu. Á naumast til slíks að geta komið, ef eftirlit það, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, verður framkvæmt svo sem til er ætlað.

Lagt er til, að þar sem ákveðið er í sérlögum um ábyrgð félagsmanna í gagnkvæmum váttryggingarfélagum, þá skuli þau ákvæði halda gildi sínu. Hins vegar skuli á hverju váttryggingarskírteini, sem gagnkvæmt váttryggingarfélag gefur út, koma skýrt fram hvernig ábyrgð váttryggingartaka er háttáð. Virðist nauðsynlegt, að þeir, sem skipta við slík félög, viti að þeir taki á sig nokkra ábyrgð.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringar. Sjá aths. um 8. gr.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Svo sem verið hefur, er gert ráð fyrir að erlend váttryggingarfélag geti með ákveðnum skilyrðum fengið leyfi til starfsemi hér á landi. Þannig er það skilyrði, að félagið hafi heimild til að reka váttryggingarstarfsemi í heimalandi sínu.

Um 15. gr.

Hér er lagt til, að erlent váttryggingarfélag, er hér hyggst starfa, skuli sanna, að hreinar eignir þess hér á landi nemi a. m. k. kr. 10 milljónum og skuli félagið árlega sanna, að félagið eigi þessa eign. Hins vegar eru felldar niður þær reglur, sem nú eru, að erlend félag skuli setja sérstakar tryggingar fyrir starfsemi sína, enda virðist slíkt þýðingarlítið í raun.

Um 16. gr.

Grein þessi samsvarar 2. gr. laga nr. 62/1913 með nokkrum breytingum, er eigi virðist ástæða til að rita um sérstakar skýringar.

Um 17. og 18. gr.

Gert er ráð fyrir, að ársreikningar váttryggingarfélaga, er starfa hér á landi skuli gerðir í sérstöku formi, sem tryggingamálaráðherra ákveði.

Athugun á ársreikningum váttryggingarfélaga þeirra, er nú starfa hér sýnir, að þeir eru gerðir á mismunandi hátt og erfitt um samanburð. Úr þessu er gert ráð fyrir að bætt verði með ákvæðum þessum. Þá er lagt til að ársreikningar váttryggingarfélaga verði birtir.

Um 19. gr.

Hér er lagt til, að váttryggingarfélag skuli leggja hluta af hagnaði sínum í svenfndan áhættusjóð. Framlag í sjóðinn er takmarkað, og bundið, að fé úr sjóði þessum megi einungis verja til að bæta óvenjulegar tryggingagreiðslur ár hvert, að fengnu leyfi tryggingamálaráðherra.

Um 20. gr.

Það kemur fyrir, að váttryggingarfélag óski eftir að flytja tryggingastofn sinn til annars félags. Er hér gert ráð fyrir, að slíkt sé unnt, að fengnum meðmælum tryggingaæftirlits, en leita skal eftir athugasemdum váttryggingartaka og váttryggðra vegna yfirfærslunnar.

Um 21. gr.

Telja verður óheppilegt, að váttryggingarstarfsemi sé rekin af mjög smáum félögum. Er því gert ráð fyrir þeim möguleika, að váttryggingarfélag, eitt eða fleiri, óski eftir því að sameinast þannig, að eitt váttryggingarfélag taki við öllum skuldbindingum beggja eða allra félaganna gagnvart váttryggjendum og að slíkt sé heimilt að fengnum meðmælum tryggingaæftirlits og samþykki tryggingamálaráðherra.

Um 22. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að íslenskum váttryggingarfélögum og þeim erlendu félögum, er sérstaka viðurkenningu hafa fengið, verði veittur einkaréttur til að reka váttryggingarstarfsemi á Íslandi. Með hliðsjón af því er talið rétt að leggja bann við því, að aðilar á Íslandi stuðli að því í atvinnuskyni að íslenskar eignir séu váttryggðar annars staðar en á Íslandi. Þess verður og að gæta að telja verður, að það samrýmist best íslenskum hagsmunum að íslenskar váttryggingar séu hjá félögum, er háð eru eftirliti íslenskra stjórnvalda. Grein þessi er í samræmi við ákvæði í dönskum lögum um váttryggingarstarfsemi.

Um 23. gr.

Eins og getið var, þegar rætt var um 4. grein, þá er ráð fyrir því gert í frumvarpinu, að líftryggingarstarfsemi sé rekin af sérstökum og sjálfstæðum félögum. Til hennar verður að gera nokkrar sérkröfur og til þess að unnt sé að fylgjast með rekstri slíkra félaga, verða stjórnvöld að fá ýmis gögn og upplýsingar, sem eigi er ástæða til að krefja af öðrum félögum. Eru þau upptalin í þessari grein, sem að öðru leyti virðist ekki þarfnast skýringa.

Um 24. og 25. gr.

Lagt er til í frumvarpinu, að hvert líftryggingarfélag tryggi sér þjónustu tryggingastærðfræðings, sem hafi á hendi tryggingatæknilegar athuganir fyrir félagið. Þeim einum sé heimilt að taka að sér slíkt starf, er fengið hafi sérstakt starfsleyfi tryggingamálaráðherra. Tryggingastærðfræðingur tryggingarfélagsins á að bera ábyrgð á því, að það félag, sem hann veitir þjónustu sína, fari eftir þeim reglum sem ákveðnar hafa verið, um reiknigrundvöll allan, ágóðaúthlutun og annað slíkt. Hann skal og fylgjast með starfsemi félagsins, og tilkynna tryggingamálaráðherra, ef eitthvað fer úrskeiðis.

Um 26. gr.

Hér er fjallað um bann við því, að breytt sé reiknigrundvelli iðgjaldasjóðs líftryggingarfélaga nema að fengnu leyfi tryggingamálaráðherra. Þá eru settar fram reglur um það hversu með skuli fara, ef iðgjaldasjóður er lækkaður eða hækkaður. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki nánari skýringa.

Um 27. gr.

Það leiðir af eðli líftrygginga, að líftryggingarfélag verður að leggja til hliðar og ávaxta hluta af iðgjöldum, til þess að mæta greiðslum til vátryggingartaka, þegar þar að kemur. Er gert ráð fyrir, að í bókhaldi líftryggingarfélaga sé þetta fé sérstaklega fært.

Um 28. gr.

Hér eru settar reglur um það, hversu ávaxta megi líftryggingasjóð. Reglur þessar eru í meginatriðum í samræmi við reglur laga nr. 17/1964. Þó eru nokkrar breytingar þar á gerðar, sem segja má, að séu í samræmi við þær breytingar, sem orðið hafa á fjármálum og verðmati hér á landi síðan þau lög voru sett. Þannig er gert ráð fyrir, að við fasteignatryggingu veðskuldabréfa skuli miða við fasteignamatsverð. Líftryggingarfélagi er þó heimilt að ávaxta fé líftryggingasjóðs á annan hátt að fengnu sérstöku leyfi tryggingamálaráðherra. Reglur þessar skulu einnig gilda um erlend líftryggingarfélög, er hér hafa fengið leyfi til starfsemi.

Um 29. gr.

Þar sem gert er ráð fyrir, að meginhluti eigna líftryggingasjóðs sé ávaxtaður í verðbréfum, eru settar hömlur á meðferð þeirra, þannig að líftryggingarfélagið, eigandinn, má ekki veðsetja þau né selja þau nema að fengnu samþykki tryggingamálaráðherra. Þá er einnig bönnuð aðför í þessum bréfum, nema til tryggingar fullnustu líftryggingarkröfum. Ef líftryggingarfélag ávaxtar fé líftryggingasjóðs í eigin fasteign, skal þinglýsa sem kvöð á eignina, að eigi megi veðsetja hana, svo réttur líftryggingasjóðs skerðist, og eigi selja hana nema með leyfi tryggingamálaráðherra.

Um 30. gr.

Ef líftryggingarfélag lendir í fjárþröng og skilastjórn tekur við stjórn þess, skal hún þegar í stað taka í sína vörzlu allar eignir líftryggingasjóðs. Verði um gjaldþrotaskipti að ræða, skulu eignir líftryggingasjóðs ekki teljast með eignum húsinis og heldur eigi skuldbindingar hans með skuldum þess. Skal líftryggingastofninn rekinn áfram með þeim skuldbindingum, sem á honum hvíla, og eignum, sem hann á, og gerður upp sem slíkur, eins og nánar verður vikið að síðar.

Um 31. gr.

Hér er um það fjallað, hversu skilastjórn skuli fara með líftryggingastofn og líftryggingasjóð, sem hún hefur tekið við, sbr. ákv. 30. gr. Skilastjórnin skal reyna að framselja íslensku líftryggingarfélagi tryggingastofninn gegn því, að það taki við líftryggingasjóðnum og skuldbindingum hans, og skal leita eftir tilboðum í slíkt. Að fengnum tilboðum skal afla athugasemda váttryggingartaka eða váttryggðra gegn yfirfærslu. Líttist tryggingaæftirliti svo vel á eitthvert tilboð, að það vilji með því mæla getur ráðherra framselt því félagi tryggingastofninn svo og eignir líftryggingasjóðs. Ef einhverjir þeir váttryggðir, sem athugasemdir hafa gert, vilja ekki samþykkja, eiga þeir rétt á því að fá endurgreitt verðmæti líftrygginga sinna, að svo miklu leyti sem hlutfallsleg eign í líftryggingasjóði hrekkur til. Berist hins vegar ekki tilboð í líftryggingastofn, er tryggingaæftirlitið vill mæla með, skal gera líftryggingasjóðinn upp þannig, að váttryggðum sé greiddur sá hluti hans, er þeir eiga í raun, miðað við verðmæti líftrygginga þeirra í sjóðnum.

Um 32. gr.

Hér er lagt til, að tryggingamálaráðherra haldi skrá um alla þá aðilja, sem heimildir hafa til sölu váttrygginga hér á landi. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 33. gr.

Áður en váttryggingarfélag er skráð í váttryggingarfélagaskrá, skal það senda trygginganefnd gögn sín. Trygginganefnd kannar síðan, hvort félagið fullnægi skilyrðum laganna, reglugerða og sé yfirleitt hæft til að reka váttryggingastarfsemi. Reynist svo, skal skrá félagið og veita því starfsleyfi. Fyrst að fengnu starfsleyfi má skrá félagið í hlutafélagaskrá eða aðra opinbera félagaskrá. Ekki má félagið hefja starfsemi fyrr en báðum þessum skilyrðum er fullnægt.

Um 34. gr.

Hér er lagt til, að allar tilkynningar um breytingar á samþykktum váttryggingarfélags, stjórn og öðru, er máli skiptir, skuli sendar til váttryggingarfélagaskrár og megi eigi skrá þetta í hlutafélagaskrá eða aðra opinbera félagaskrá, fyrr en svo hefur verið gert.

Um 35. og 36. gr.

Ef félag missir rétt til að reka váttryggingarstarfsemi hér á landi, verður gjaldþrota eða slitið, skal má nafn þess úr váttryggingarfélagaskrá. Til þess, að almenningur geti betur fylgzt með því, hvaða félög hafi heimild til að reka váttryggingarstarfsemi, skal árlega birta í Lögbirtingablaðinu skrá um slík félög.

Um 37. og 38. gr.

Mjög hefur þótt á það skorta hér á landi, af hendi hins opinbera, að eftirlit væri haft með starfsemi váttryggingarféлага. Til þess að reyna að bæta úr þessu er hér lagt til, að tryggingamálaráðherra skipi þriggja manna nefnd til fjögurra ára til að hafa á hendi slíkt eftirlit. Er gert ráð fyrir, að einn nefndarmanna sé embættisgengur lögfræðingur og annar tryggingastærðfræðingur.

Um 39. gr.

Í grein þessari er það rakið í meginráttum hvað váttryggingarfélagin skuli afhenda tryggingaæftirlitinu til þess að það geti framkvæmt eftirlit sitt. Váttryggingarfélag skal senda ársreikninga sína undirritaða af stjórn félagsins ásamt skýrslu endurskoðenda, ef hún er sérstök, svo og endurrit úr aðalfundagerðabók félagsins um að reikningarnir hafi verið samþykktir. Ársreikningum skal einnig fylgja skýrsla um fasteignir, bifreiða-, skipa- og verðbréfaeign og skrá um inneignir hjá viðskiptamönnum og skuld við skuldheimtumenn. Þá skal fylgja sérstök skýrsla um hvernig

áætlaðar eru áfallnar en ógreiddar váttryggingarkröfur. Reikningum líftryggingarfélags skal einnig fylgja skýrsla tryggingastærðfræðings um uppgjör líftryggingasjóðs og skýrsla endurskoðenda um að ávöxtun hans sé í samræmi við lög. Ætla má að þessi gögn nægi tryggingaeftirliti til að rækja starfsskyldur sínar.

Um 40. gr.

Hér er boðið, að öll váttryggingarfélög skuli senda tryggingaeftirliti endurrit tryggingaskilmála þeirra, er þau nota svo og síðari breytingar, sem á þeim kunna að verða. Tryggingaeftirlit skal gæta þess, að almennir skilmálar váttryggingarfélaga séu í samræmi við lög og góða viðskiptaháttu í váttryggingaviðskiptum og skal nema brott það, er eigi verður fallist á.

Um 41. gr.

Aðalhlutverk tryggingaeftirlits er þó að kanna fjárhag váttryggingarfélaga, þ. e. a. s. hvort félag eigi nægilegar eignir fyrir skuldum og hvort það eigi nægilegt fé til rekstrar síns.

Um 42. gr.

Hér er tryggingaeftirliti veitt heimild til að krefja váttryggingarfélög og þá er váttryggingastarfsemi reka, um öll þau gögn, sem það kann að telja sig þurfa og til að rannsaka eða láta rannsaka starfsemi þessara aðilja og eiga rétt til aðgangs að bókhaldi og skjölum þeirra.

Um 43. gr.

Hér er um það rætt hvernig með skuli fara, ef váttryggingarfélag sinnir ekki tilmælum tryggingaeftirlits eða er ekki gjaldhæft eða greiðsluhæft. Skal tryggingaeftirlit þá þegar í stað tilkynna tryggingamálaráðherra um málið og gera ákveðnar tillögur um hvað gera skuli. Ráðherra er heimilt að setja félaginu frest til þess að bæta úr því, sem úrskaiðis hefur farið. Hafi félagið ekki gert úrbætur innan þess tíma, er ákveðinn var, getur ráðherra afturkallað starfsleyfi og skipað félaginu þriggja manna skilastjórn, sem tekur við öllum heimildum félagsstjórnar og falla jafnframt niður allar heimildir félagsstjórnar, þar á meðal allar venjulegar rekstrarheimildir. Skilastjórn skal síðan halda félagsfund og kynna félagsinönnum hvernig komið er. Skilastjórn skal hins vegar taka ákvörðun um það hvort óska skuli gjaldþrotaskipta á félaginu eða hvort það skuli rekið áfram um skeið og viðskiptum lokið án gjaldþrotaskipta og skal við mat á slíku aðallega tekið tillit til hagsmuna váttryggðra. Þessar reglur, sem hér hefur að framan verið getið, eiga að gilda um þau félög, sem eigi starfa samkvæmt sérlægum, en þau félög, er samkvæmt sérlægum starfa, skal ráðherra eigi svipta starfsleyfi fyrr en rannsóknarnefnd, er hann hefur skipað, hefur kannað hag og rekstur félagsins og gert tillögur um hvað gera skuli.

Um 44. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 45. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 46. gr.

Hér er ákveðið hvernig skuli fara um kostnað af tryggingaeftirliti og eftirlitsstörfum. Er gert ráð fyrir, að hann sé greiddur af váttryggingarfélögunum a. m. k. að meginhluta, en þau innheimti hann í iðgjöldum því að telja verður, að trygginganefnd starfi aðallega til hagsbóta fyrir váttryggða. Nægi hins vegar tekjur frá váttryggingarfélögum ekki til greiðslu kostnaðar af starfsemi tryggingaeftirlits skal það, sem á skortir, greitt úr ríkissjóði.

Um 47. gr.

Búast má við ýmsum erfiðleikum, þegar lög þessi taka gildi, að því er varðar váttryggingarfélög þau, er þegar starfa. Í grein þessari eru reglur um hvernig þau

félög, er eigi starfa samkvæmt sérlögum og hyggjast halda áfram starfsemi sinni, skuli með fara. Þau skulu innan tveggja mánaða frá gildistöku laganna senda tryggingamálaráðherra umsókn um starfsleyfi og skráningu og skulu umsókninni fylgja nauðsynleg gögn. Þá skulu einnig fylgja ársreikningar félagsins með áritun og skýrslur löggilts endurskoðanda. Berist gögn eigi á þeim tíma, sem tilskilið er, falla niður heimildir félagsins til að taka á sig váttryggingarskuldbindingar og selja váttryggingar. Um þær váttryggingar, er félagið hefur áður selt, skal svo með farið, sem félagið hefði brotið þannig af sér, að það hefði verið svipt starfsleyfi, sbr. 43. gr.

Um 48. gr.

Hér er fjallað um þau váttryggingarfélög, sem starfa samkvæmt sérlögum. Þau skulu einnig senda tryggingamálaráðherra umsóknir um starfsleyfi og skráningu ásamt gögnum.

Um 49. gr.

Gögn þau, sem váttryggingarfélög þannig senda, skulu send til tryggingaeftirlits, er skal kanna þau og skila álit til tryggingamálaráðherra eigi síðar en átta mánuðum eftir gildistöku laganna, þ. e. a. s. minnst sex mánuðum eftir móttöku gagnanna.

Um 50. gr.

Þau váttryggingarfélög, sem tryggingaeftirlit mælir með, skulu fá starfsleyfi þegar í stað.

Um 51. gr.

Telji tryggingaeftirlit, að í samþykktum váttryggingarfélag sé ákvæði, sem brjóti í bága við ákvæði laga eða reglugerða, en mælir að öðru leyti með því, að tryggingarfélaginu sé veitt starfsleyfi, er tryggingamálaráðherra heimilt að veita félaginu starfsleyfi til bráðabirgða í allt að eitt ár, til að koma málum sínum í lag á þeim tíma.

Um 52. gr.

Komi í ljós, að hlutfé váttryggingarhlutfélags eða stofnfé gagnkvæms váttryggingarfélags er lægra en gert er ráð fyrir í frumvarpinu, en tryggingaeftirlitið mælir samt með því, að félagið fái starfsleyfi, þá er tryggingamálaráðherra heimilt að veita félaginu starfsleyfi. Einnig má tryggingamálaráðherra veita félaginu bráðabirgðaleyfi og setja það skilyrði, að hlutfé eða stofnfé skuli aukið að lögboðnu marki innan ákveðins tíma, sem má vera allt að þremur árum.

Um 53. gr.

Telji tryggingaeftirlit hins vegar, að váttryggingarfélag, sem ekki starfar samkvæmt sérlögum, sé ekki gjaldhæft, er tryggingamálaráðherra heimilt að veita því sex mánaða frest til að rétta við hag sinn, en geti það ekki bætt úr því, er á vantar, á þessum tíma, skal skipa félaginu skilastjórn og með það fara samkvæmt ákvæðum 43. gr.

Um 54. gr.

Eins og tekið er fram í frumvarpinu, er gert ráð fyrir, að eigi reki sama félagið bæði skaðatryggingar og líftryggingar. Af þessum ástæðum er í grein þessari boðið, að sæki félag, sem rekið hefur bæði skaðatryggingar og líftryggingar, um starfsleyfi, þá megi veita því að fengnum meðmælum tryggingaeftirlits frest í tvö ár til að breyta starfsemi sinni þannig, að það samræmist ákvæðum laganna.

Um 55. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 56. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 57. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 58. gr.

Þessi grein þarfnast ekki sérstakra skýringa. Þó er rétt að benda sérstaklega á tvö atriði.

Felld er úr gildi 77. gr. umferðarlaganna nr. 40/1970. Eftirlit það, sem þar er um fjallað, hefur ekki reynzt nægilegt, sem reyndar er auðséð, þegar þess er gætt, að aðeins er kannaður einn þáttur rekstrar váttryggingarfélaganna, þ. e. ábyrgðartryggingar bifreiða. Nú er lagt til í frv., að heildarrekstur váttryggingarfélaganna verði kannaður á hverju ári og allir reikningar birtir. Á þeim reikningum mundu skyldu-tryggingar bifreiða verða sérgreindar og samanburður allur jafnhægur og áður og öruggari. Ætti því breyting þessi að verða til bóta.

Þá eru felld úr gildi lög nr. 20/1903. Hagfræðikönnun þeirri á váttryggingarstarfsemi, sem Hagstofa Íslands hefur á hendi verður vitanlega að halda áfram. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að tryggingaeftirlitið fá í hendur fullkonnari og öruggari gögn en Hagstofan hefur fengið. Virðist því eðlilegra, að eftirlitið láti vinna þær hagfræðilegu athuganir, sem nauðsynlegar eru, í samvinnu við Hagstofuna, heldur en að þær séu unnar hjá tveimur stofnunum.

Um 59. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fyliskjal I.

YFIRLIT

um félög og stofnanir á Íslandi, sem hafa á hendi tryggingar.

I. Innlend félög og stofnanir.

A. Lífeyrissjóðir, sjúkrasjóðir, styrktarsjóðir o. þ. h.

Þessir sjóðir eru ekki taldir hér með.

B. Félög og stofnanir samkv. sérstökum lögum.

1. Atvinnuleysistryggingar (L. 29/1956).
2. Bjargráðasjóður Íslands (L. 8/1961).
3. Brunabótafélag Íslands (L. 9/1955).
4. Búfjártryggingar (L. 20/1943).
5. Húsatryggingar Reykjavíkurborgar (L. 25/1954).
6. Íslensk endurtrygging (L. 48/1947).
7. Ófriðartryggingin (L. 2/1944).
8. Samábyrgð Íslands á fiskiskipum (L. 47/1967).
9. Tryggingadeild útflutningslána (L. 60/1970).
10. Tryggingastofnun ríkisins (L. 40/1963 82. gr.).
11. Vélbátaábyrgðarfélög (L. 41/1967).
 - a. Vélbátaábyrgðarfélagið Gróttu, Reykjavík.
 - b. Vélbátaábyrgðarfélag Akurnesinga.
 - c. Bátatrygging Breiðafjarðar, Stykkishólmi.
 - d. Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga, Ísafirði.
 - e. Vélbátatrygging Eyjafjarðar, Akureyri.
 - f. Skipatrygging Austfjarða, Neskaupstað.
 - g. Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja. (L. 41/1967, 6. gr.).
 - h. Vélbátaábyrgðarfélagið Hekla, Stokkseyri.
 - i. Vélbátatrygging Reykjaness, Keflavík.

C. Hlutfélög og gagnkvæm félög.

1. Almennar Tryggingar h/f.
2. Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi.
3. Alþjóða líftryggingarfélagið h/f.
4. Ábyrgð h/f.
5. Byggðatryggingar h/f.
6. Carl D. Tulinius & Co. h/f.
7. Hagtrygging h/f.
8. Iðnatryggingar h/f.
9. Íslenskar váttryggingar h/f.
10. Líftryggingafélagið Andvaka g/t.
11. Líftryggingamiðstöðin h/f.
12. Líftryggingarskrifstofa Sigfúsar Sighvatssonar h/f.
13. Norðlensk trygging h.f.
14. Sameinaða váttryggingarfélagið h/f.
15. Samtrygging íslenskra botnvörpunga g/t.
16. Samvinnutryggingar g/t.
17. Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f.
18. Trolle & Rothe h/f.
19. Trygging h/f.
20. Tryggingafélagið Heimir h/f.
21. Tryggingamiðstöðin h/f.
22. Váttryggingaskrifstofa Sigfúsar Sighvatssonar h/f.
23. Verzlunatryggingar h/f.
24. Vörður — Trygging h/f.
25. Þb. Váttryggingafélagsins h/f.

II. Erlend félög.

1. Ansvar International Insurance Co. Ltd.
2. Eagle Star Insurance Co. Ltd.
3. Forsikrings A/S Nye Danske Liv.
4. Forsikrings a/s Nye Danske av 1864.
4. Nordisk Brandforsikring A/S.
6. Statsanstalten for Livsforsikring.
7. The Liverpool & London & Globe Insurance Co. Ltd.
8. The International Life Insurance Co. Ltd.

Fylgiskjal II.

K. G. Guðmundsson
cand. act.

Reykjavík, 17. janúar 1972.

Hr. tryggingamálaráðherra
Magnús Kjartansson,
Reykjavík.

Samkvæmt beiðni yðar hef ég athugað frumvarp til laga um váttryggingarstarfsemi, er þeir Benedikt Sigurjónsson, hæstaréttardómari og tryggingastærðfræðingarnir Bjarni Þórðarson og Jón E. Þorláksson hafa samið.

Á síðasta sumri fór ég yfir uppkast að þessu frumvarpi að beiðni Benedikts Sigurjónssonar, hæstaréttardómara, og benti á ýmis atriði, sem ég taldi, að betur mættu fara. Ábendingar mínar hafa flestar verið teknar til greina, nema þær, sem lutu að upphæð innborgaðs hlutfjár og stofnfjár lágmarksábyrgðar váttryggingartaka

í gagnkvæmum félögum og lágmarkseign hér á landi hjá erlendum váttryggingarfélagum, sem hér vilja starfa. Í öllum þessum tilfellum álit ég tillögur frumvarpsins mikið of lágar. Ef lágar kröfur eru gerðar um hlutafé eða stofnfé má búast við, að framhald verði á stofnun nýrra váttryggingarféлага, er ekki tekst á nokkurn hátt að endurbæta þá váttryggingarstarfsemi, sem fyrir er.

Tillaga mín er, að eftirfarandi breytingar verði gerðar á frumvarpinu:

Í 2. mgr. 6. greinar komi kr. 20 000 000.00 í stað kr. 5 000 000.00.

Í 2. mgr. 10. greinar komi kr. 10 000 000.00 í stað kr. 2 000 000.00.

Í stað setningarinnar: „Ábyrgð hvers váttryggingartaka má eigi nema lægra fé en kr. 500 00“ í fyrstu málsgrein 11. gr. komi: „Ábyrgð hvers váttryggingartaka má eigi nema lægra fé en hálfu iðgjaldinu af viðkomandi skirteini eða kr. 500.00 hvort sem herra er“.

Í 15. grein komi kr. 10 000 000.00 í stað kr. 2 000 000.00.

Í niðurlagi 26. gr. tel ég rétt að hámarksfresturinn sé stytur úr 15 árum í 10 ár.

Í 28. gr. tel ég rétt að bæta aftan við 2. mgr. orðunum: „þó ekki í hlutabréfum“. Hér á landi er engin opinber verðskráning til á hlutabréfum. Mér er ekki kunnugt um, að ávöxtun liftryggingasjóða í óskráðum hlutabréfum sé leyfð í nokkru landi þar sem eftirlit er með váttryggingastarfsemi. Mjög víða er ávöxtun í hlutabréfum algerlega bönnuð.

Aftan við 2. mgr. 29. greinar þarf að bæta setningunni: „og hvernig iðgjalds-yfirfærslur til næsta árs eru ákveðnar“. Þetta atriði hefur mér sézt yfir við lestur uppkastsins síðast liðið sumar.

Fleiri athugasemdir hef ég ekki við frumvarpið. Sem heild virðist mér það vel samið og mæli ég eindregið með, að það verði lagt fram á Alþingi með þeim breytingum, sem ég hef bent á hér að framan. Ég tel það mjög aðkallandi að sett verði fullkomnari löggjöf en nú er í gildi um eftirlit með váttryggingastarfseminni. Að vísu getur löggjöfin ein ekki leyst allan vanda. Mikið er einnig undir því komið, hvernig til tekst um framkvæmd eftirlitsins.

Þess skal að lokum getið, að ég innti höfunda frumvarpsins eftir því, hvort þeir hefðu áætlað kostnað við framkvæmd eftirlitsins og athugað hve miklu framlög váttryggingarfélaganna samkvæmt 1. mgr. 46. greinar munu nema. Þeir kváðust hafa áætlað kostnað við eftirlitið um 2 milljónir króna miðað við verðlag sumarið 1971. Framlög váttryggingarfélaganna miðað við iðgjaldtekjur 1970 töldu þeir að hefðu verið kr. 1.2 millj. af frumtryggingum og kr. 0.6 millj. af endurtryggingum. Iðgjöld 1971 hafa verið allmikið hærri en 1970. Má því ætla, að tekjur og gjöld eftirlitsins standist nokkurn veginn á, enda voru taxtarnir í 1. mgr. 46. greinar við það miðaðir.

Virðingarfyllt,

Kr. Guðm. Guðmundsson.